

## Um meðferð persónuupplýsinga hjá CERT-IS

Fjarskiptastofa starfrækir CERT-IS en vegna sérstöðu sveitarinnar og þess aðskilnaðar sem ríkir á starfsemi CERT-IS og annarra deilda Fjarskiptastofu vill CERT-IS koma eftirfarandi á framfæri um meðferð persónuupplýsinga hjá sveitinni.

Vinnsla persónuupplýsinga hjá CERT-IS fer fram vegna lögbundins hlutverks netöryggissveitarinnar, sbr. XII. kafla laga nr. 70/2022 um fjarskipti, laga nr. 78/2019, um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, og reglugerð nr. 480/2021 um sveitina.

Að því marki sem er nauðsynlegt, er CERT-IS heimil vinnsla persónuupplýsinga sem aflað er eða henni berast í tengslum við hlutverk og verkefni sveitarinnar, án samþykkis hins skráða, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 78/2019, um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða.

CERT-IS er heimil miðlun persónuupplýsinga til þriðja aðila ef það er metið nauðsynlegt í þágu almannahagsmuna eða þjóðaröryggis, eða miðlunin er til þess fallin að upplýsa um netógnir í netumdæmi Íslands, koma í veg fyrir netáras eða önnur alvarleg atvik.

Um aðgang netöryggissveitar að gögnum og upplýsingum, um sérstaka þagnarskyldu og undanþágur frá slíkri skyldu og um meðferð persónuupplýsinga á að fara eftir ákvæðum 17. og 19.–21. gr. laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, nr. 78/2019. CERT-IS fylgir ákveðnum vinnureglum um öflun upplýsinga og gerir viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi og eyðingu gagna, svo og aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja friðhelgi einkalífs, sbr. 5. mgr. 17. gr. laga nr. 78/2019, um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða.

CERT-IS safnar og vistar nauðsynlegar persónuupplýsingar sem stofnuninni berast vegna alvarlegra netöryggis atvika. Geymslutími persónuupplýsinga er takmarkaður við það sem nauðsynlegt er samkvæmt lögum og/eða tilgangi vinnslunnar. Gögn sem ekki er nauðsynlegt að geyma samkvæmt lögum er eytt með öruggum hætti og/eða persónugreinanlegar upplýsingar úr gögnum fjarlægðar. Að öðru leyti fer um vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, að undanþegnum ákvæðum 17. og 20.–22. gr. þeirra laga.

Starfsfólk CERT-IS gætir þess í hvívetna að öll vinnsla með persónuupplýsingar sé sanngjörn, lögmæt og áreiðanleg og að öryggi upplýsinga sé tryggt. Þá er starfslið CERT-IS bundið sérstakri þagnarskyldu umfram þá sem greinir í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.